



Innsetningarræða
Ólafs Ragnars Grímssonar
í embætti forseta Íslands
1. ágúst 2000

Góðir Íslendingar

Með auðmýkt og þakklæti hef ég á ný axlað ábyrgð forseta Íslands. Þjóðin hefur sýnt mér mikinn trúnað og ég heiti því hér að helga heill Íslands öll mín verk og hugsun.

Sú samfylgd sem hófst fyrir fjórum árum með kjöri mínu hefur í senn veitt mér lærdóm og þroska, skerpt skilning og sýn á vilja og væntingar íslenskrar þjóðar. Forsetinn er ekki aðeins fulltrúi landsins, sá eini sem þjóðin velur sjálf án atbeina þings eða flokka, heldur einnig verkamaður á akri framfara og farsældar, liðsauki í hinni hörðu glímu við vanda þess og vegsemd að vera Íslendingur.

Þjóðin hefur á lýðveldistímanum sýnt í smáu sem stóru hve mikils hún virðir forseta sinn og hve ríkur vilji er til samstarfs og samræðna við þann sem trúnaðinn hlýtur. Samband forseta og þjóðar er bæði bundið ákvæðum í stjórnarskrá og venjum og væntingum sem hin lifandi lýðræðislega skipan mótar á hverjum tíma. Víðtæk tengsl eru sköpuð með verkunum sjálfum, viljanum sem er hreyfiafl lýðræðislegrar stjórnskipunar þar sem dómur fólksins sjálfs er æðstur allra.

Í gleði og andstreymi, á tímum fagnaðar og sorgar hef ég fundið stuðning ykkar og velvilja. Fyrir það vil ég þakka á þessum degi. Undanfarin ár hafa verið mér og fjölskyldu minni þrautatími vegna veikinda og andláts Guðrúnar Katrínar og við hefðum varla náð fótfestu á ný án hlýju ykkar og hjálpar.

Minningin um Guðrúnu Katrínu er okkur kærari en orð fá lýst og huggun sú virðing og þökk sem þjóðin sýnir. Lífssýn og heilræði Guðrúnar Katrínar munu fylgja okkur áfram á langri leið og aldrei mun gleymast hlutdeild hennar í kjöri mínu.

Lífsins braut er ekki alltaf gleðiganga. Þá skiptir miklu að glata ekki trúnni á hið góða og fagna gæfunni sem að garði ber. Flestir virðast skilja vel að forsetinn er ekki formið eitt heldur maður með hjarta sem slær og sál sem nærast. Án gleði og hamingju í daglegu lífi yrði lítið úr verkum sem skyldan býður.

Í heimsóknnum um landið allt og með góðum gestum á Bessastöðum hef ég fundið hve margþættar væntingar eru gerðar til forseta Íslands, hvernig framrás tímans og umbreytingar heimsins alls umskapa einnig þær óskir sem til forsetans berast.

Þegar samfélagið var fábrottnara, Ísland einangraðra og átökin harðvítugri vegna kalda stríðsins og snarprar stéttaglímu laut forsetaembættið eins og annað lögmálum sem þá giltu. Forsetinn var stundum fjarlægari en orðið hefur á okkar tímum en jafnframt oft gerandi við myndun ríkisstjórna til lausnar þeim vanda sem kreppur á þingi og erfið samskipti flokka gátu skapað. Þótt Alþingi hafi á síðari tíð með greiðari hætti gegnt þeirri skyldu að tryggja þjóðinni ríkisstjórn með meirihluta að baki sér er forsetinn áfram sá öryggisvörður sem ábyrgð verður að axla ef annað þrýtur.

Sú mikla gróska sem nú blasir við í íslensku samfélagi og aukin samskipti okkar um allan heim hafa fært forsetanum mörg ný viðfangsefni og aukið starf við önnur. Í reynd hefur forsetinn í samvinnu við aðra orðið gerandi og túlkandi í þeirri umsköpun sem sífellt færir Íslendingum nýja áfanga og bættu stöðu. Hann er samferða fólkinu á breytingabraut en situr ekki á Bessastöðum einn og einangraður.

Einkum er gleðiefni að finna þær óskir sem unga fólkið ber í brjósti, áhuga þess á liðsinni forseta, samræðum og ráðleggingum. Það sér í forsetanum í senn fulltrúa og samstarfsmann; ekki fjarlægt tákn heldur bandamann við að gera drauma sína að veruleika.

Sköpunargleðin í menningu og listum, framfarir í vísindum og tækni, nýjungar í heimi hugbúnaðar og viðskipta, fórnfýsi í baráttunni gegn þeirri lífsvá sem fólgin er í neyslu fíkniefna, áherslan á íþróttir, heilbrigði og hollustu – allt eru þetta góðir kostir unga fólksins sem nú vex úr grasi.

Sú kynslóð sem senn mun taka við forræði og forystu á flestum sviðum er líklega betur menntuð og víðsýnni en þær sem nú ráða för. Því er mikilvægt að við kappkostum að greiða götu hennar og tryggjum að ættjörð okkar fái sem best að njóta hæfileika og framlags þeirra sem framtíð munu ráða.

Jafnframt þurfum við að huga vel að þeim hættumerkjum sem víða sjást eigi Ísland áfram að vera í fremstu röð þeirra sem búa æskufólkið vel úr garði.

Skólaárið er hér styttra, árangur í alþjóðlegum samanburði oft lakari og framlög til mennta lægri en tíðkast með flestum samstarfsþjóðum. Hvernig getum við þá með sanngirni vænst þess að Ísland haldi áfram að skara fram úr þegar árin líða á nýrri öld?

Þótt allar rannsóknir sýni að menntunin er besta fjárfestingin sem völ er á höldum við áfram að veðja meira á aðra kosti.

Þegar vinna og umrót á öllum sviðum draga úr tækifærum fjölskyldunnar til að sinna uppeldi og þjálfun æskufólksins í sama mæli og áður var er nauðsynlegt að skólinn verði öflugri starfsstöð sem veitir í senn fræðslu og aðhald. Annars er hættu á að illa fari.

Við verðum að bregðast við vaxandi agaleysi í íslensku samfélagi, rækta gagnkvæma virðingu, einbeiti og sjálfstjórn, kurteisi og tillitsemi í annarra garð.

Við verðum að sameinast í því brýna verki að tryggja óbornum kynslóðum það besta sem völ er á og vera reiðubúin að laga skólann, skipulag hans og stöðu að kviku samfélagi nýrrar aldar.

Tæknin hefur ekki aðeins veitt okkur tækifæri til farsældar og framfara. Hún er líka að breyta eðli og inntaki lýðræðisins sjálfs. Nú getur hver einstaklingur veitt álit sitt og umsögn hvar sem er og hvenær sem er, krafist íhlutunar í krafti þekkingar og hæfni. Sú stjórnskipan sem aðeins veitir almenningi aðgang að ákvörðunum með kosningum á nokkurra ára fresti og bindur formlega ráðgjöf við stofnanir flokka og faglegra samtaka er í reynd aðeins rammi frá liðinni tíð. Við eigum núna möguleika á endurreisn hins raunvirka lýðræðis, veruleika þar sem fólkið sjálft fer með valdið. Hinn gamli rammi villir þó áfram mörgum sýn sem telja að forystan hljóti jafnan að vera í fárra höndum.

Vandi stjórnsmálaflokkanna er einkum sá að þeir virðast í vaxandi mæli eiga erfitt með að ná hjartslætti tímans og takast á við þau nýju viðfangsefni sem nú ber að höndum. Hin skapandi umræða er óðum að flytjast á annan völl og þingið sjálft er ekki sama spegilmynd og örlagavaldur og áður var.

Þessi þróun verður æ greinilegri og mikilvægt að við öll sem förum með trúnað og ábyrgð reynum að stuðla að því að sá lýðræðislegi sköpunarkraftur sem ný tækni og alþjóðlegar hræringar hafa leyst úr

læðingi verði Íslandi til farsældar og þjóðin njóti þess að stefnumótun í brýnum málum verði byggð á þekkingu, víðsýni og víðtækri umræðu þar sem allir hafi jafnan rétt til umsagnar og álitsgjafar. Annars er hætta á því að mistökin verði fleiri og dýr og Ísland dragist aftur úr á mörgum sviðum.

Miklu skiptir að stjórnmaflokkar leggi rækt við að skilgreina verk sín og viðfangsefni í samræmi við breytta tíma svo að þeir nái að gegna hlutverki sínu og ungu fólki finnist aðlaðandi að ganga til þjóðmálastarfa.

Samræður við fólkið í landinu hafa á því kjörtímabili sem nú er liðið veitt mér fjölbreytta innsýn í þessa gerjun, í leit fólksins að leiðum til að móta sjálft framtíð sína og heill. Kannski eru Íslendingar opinskárrir við forseta sinn en aðra í áhrifastöðum því hann er engum háður nema þjóðinni sem veitir honum umboð sitt. Hans eru ekki hagsmunir stjórnar eða stjórnarandstöðu, flokka eða forræðisafla. Forsetinn er aðeins bundinn íslenskri þjóð.

Á ferðum mínum um byggðir landsins hef ég kynnst því vel hvað trúnaðartengsl forseta og þjóðar eru fólkinu til sjávar og sveita mikils virði. Í baráttu fyrir hag sinnar heimabyggðar bera íbúarnir við þau tækifæri fram hið besta sem í boði er, varpa ljósi á nýsköpun og framtak fólksins, sýna ræktarsemi við arfleifðina sem þar er gætt og oft hefur verið áhrifarík við að skerpa sjálfsmýnd þjóðarinnar.

Samvistir mínar með heimamönnum vítt og breitt um landið allt hafa verið mér uppspretta lærdóms og gleði og ég vona að þær hafi einnig orðið byggðarlögunum til nokkurs gagns. Fyrir þær góðu stundir vil ég þakka nú og vona að við getum í farsælli samvinnu á nýju kjörtímabili haldið áfram á þeirri braut.

Ísland er reyndar allt orðið háð hraðfleygum breytingum sem ríkulega umskapa veröld víða. Við erum ekki lengur afskekkt byggð við nyrsta haf heldur hrærumst í hringiðunni miðri. Velferð okkar er byggð á farsælum samskiptum við allar þjóðir; sjálfstæðið í auknum mæli háð samvinnu við aðra.

Við höfum löngum lagt rækt við nágranna okkar á Norðurlöndum og í Evrópu, náð nánnum tengslum við Bandaríkin og Kanada. Mér er það gleðiefni að hafa tekið þátt í að sýna hve gild og gjöful norræn samvinna er á okkar tíð og verður áfram á nýrri öld, að rófesta þá vináttu sem batt Ísland og Eystrasaltlöndin saman á erfiðum tímum og að hagnýta hina sameiginlegu arfleifð landafunda fyrir þúsund árum til að veita samvinnu okkar og vináttu við þjóðir Norður-Ameríku nýjan styrk, líkt og ég nefndi

hér í þessum sal að gera ætti þegar mér var falið forsetaembættið fyrra sinni.

Á næstu árum ber okkur að kappkosta að sýna í verki að við viljum einnig eiga slíka samleið með öðrum þjóðum þótt í fjarlægð búi. Löndin í Asíu, Afríku og Suður-Ameríku eru óðum að verða okkur hagsmunasvæði líkt og Evrópa fyrrum. Það sjáum við í auknum áhuga ríkjanna í þessum heimshlutum á að eiga samstarf og viðskipti við okkur Íslendinga, kynnast menningu okkar og starfsháttum.

Örlög heimsins eru orðin ein; jörðin sjálf arfur okkar; ábyrgðin óskipt og heil.

Við megum ekki til lengdar vera háð þeim hugsunarhætti eybúans að allt sé leyfilegt því enginn sé nágranninn.

Fiskistofnar, lífríkið, umhverfið allt verður því aðeins varðveitt að allir geri sitt besta og hver og einn virði annan. Sífelld leit að undantekningum og fráviksleiðum okkur sjálfum til handa hlýtur einhvern tíma að taka enda og getur fyrr en síðar skaðað orðstír okkar.

Fólkið sem færði okkur sjálfstæði og fullveldi bar í hugskoti draumsýn um hag og heill Íslendinga. Höfum við á sama hátt náð að sameinast um sjálfsmynd sem dugar á nýrri öld? Við megum ekki slíta í sundur friðinn sem þrátt fyrir átök á afmörkuðum sviðum gerir okkur að þjóð.

Við verðum að ná sáttum um nýtingu landgæðanna, skapa grið sem allir virða um óbyggðir og afréttir, gera þjóðarsátt sem varir um þá ásýnd Íslands sem við ætlum að varðveita.

Sjálfsmynd Íslendinga og virðing mun í vaxandi mæli ráðast af hollustu okkar við íslenska náttúru, það fagra sköpunarverk sem gert hefur Ísland svo einstakt í veröldinni.

Oddvitar sjálfstæðisbaráttunnar sóttu þær röksemdir sem best dugðu í órofa samhengi tungu og menningar frá fyrstu tíð og við verðum að varðveita þá undirstöðu um ókomin ár. Virðingin fyrir náttúru landsins hefur nú hlotið svipaðan sess. Því verður að kappkosta að ná sáttum sem allir una svo við verðum samstiga í sjálfstæðisbaráttunni sem okkar bíður á nýrri öld.

Náttúra Íslands er fjöreggið sjálft, auðlegð okkar og heimanmundur.

Við megum hvorki láta glímuna um stundarhag né heldur þá misskiptingu lífsins gæða sem nú birtist okkur í vaxandi mæli kljúfa þjóðina smátt og smátt í andstæðar sveitir. Afskiptaleysi um hag þeirra sem minna mega sín má hér aldrei ná yfirhönd. Því verðum við að huga vel að vaxandi hættumerkjum um fátækt og bjargarleysi, einkum hjá þeim sem aldraðir eru, kynslóðinni sem vann Íslandi allt sem hún gat.

Við erum gæfusöm þjóð og geta okkar til góðra verka hefur aldrei verið meiri. Við höfum allt sem þarf til að verða öðrum fyrirmynd. Það er vilji okkar sjálfra sem ræður.

Með auðmýkt í hjarta og einbeitni í huga tek ég á ný við þeirri ábyrgð sem þjóðin hefur falið mér. Ég óska þess að þjónusta mín við ykkur öll verði ættjörðinni til farsældar og heilla.